

# Skýrsla ferðanefndar til umdæmisstjórnarfundar 13. apríl 2013.

Á síðasta fundi reyfaði undirritaður stöðu mála bæði í ræðu og riti. Þá þegar var nokkuð ljóst að á brattan var að sækja. Samt var haldið áfram að reyna til þrautar án nokkurs árangurs. Af þessu má margan lærdóm draga, sem vert er að hafa í huga, ef takast á að koma saman hóp á Evrópuþingið á næsta ári. Ber þar helst að nefna þá staðreynd að það verður að vera til staðar frumkvæði frá umdæmisstjóra og umdæmisstjórn, sem ekki var til staðar nú. Í þeim fjölmörgu ferðum, sem undirr. hefur farið í á vegum Kiwanis, hafa umdæmisstjórnarnir verið þátttakendur og gerendur í mörgum þeirra ásamt öðrum í umdæmisstjórn. Þannig er strax kominn hópur fólks sem er öðrum hvatning og þannig þarf það að vera. Í öðru lagi má segja að tímasetning þessara þinga er ekki beinlínis sú besta fyrir Íslendinga. Það er í mörg horn að líta, ekki síst fyrir þá sem eru í forsvari fyrir Kiwanis. Það er stutt í heimsþingið og margir eru bundnir yfir skólaslitum og útskriftum í framhaldsskólum og háskólum á sama tíma. En það er nú oft þannig í lífinu að það þarf að velja og hafna og forgangsraða og segja má, að áður mjög svo vinsælar ferðir í tengslum við Evrópuþingið, eru ekki í forgangi, hvorki hjá almennum félögum eða yfirstjórn Kiwanis á Íslandi. Er það miður.

Eflaust má finna fleiri hnökra, sem sumir myndu eigna framgöngu ferðanefndar, og aldrei verða allir á eitt sáttir. Engu að síður skal það sagt að unnið var eftir bókinni frá fyrsta degi og reynt að hnoða saman gómsæta ferðakrás af heilum hug.

Ég vil að endingu þakka umdæmisstjóra það traust sem mér var sýnt með vali hennar á mér sem formanns ferðanefndar. Það var ekki auðvelt að gerast sporgöngumaður Bödda og Didda, sem reyndar lentu í sömu hremmingum á síðasta starfsári. Og eins og einhver myndi segja, “látum ekki degið síga” og höldum bjartsýn upp brekkuna, hún endar jú á toppnum.

Bestu kveðjur til fundarins,

**Guðmundur R. Þorvaldsson**, form. ferðanefndar.